

Hin fegursta rósin er fundin

Brorson - Helgi Hálfdánarson

Ísólfur Pálsson

1. Hin feg - urst - a rós - in er fund - in og

fagn - að - ar - sael kom - in stund - in. Er frels - ar - inn fædd - ist á

jörð - u, hún fannst með - al þyrn - ann - a hörð - u.

HIN FEGURSTA RÓSIN ER FUNDIN

Hin fegursta rósin er fundin
og fagnaðarsæl komin stundin.
Er frelsarinn fæddist á jörðu,
hún fannst meðal þyrnanna hörðu.

Upp frá því oss saurgaði syndin
og svívirt var guðs orðin myndin,
var heimur að hjálpræði snauður
og hver einn í ranglæti dauður.

Þá skaparinn himinrós hreina
í heiminum spretta lét eina,
vorn gjörspilltan gróður að bæta
og gjöra hans beiskjuna sæta.

Þú, rós míni, ert ró mínu geði,
þú, rós míni, ert skart mitt og gleði,
þú harmanna beiskju mér bætir,
þú banvænar girndir upprætir.

Þótt heimur mig hamingju sneyði,
þótt harðir mig þyrnarnir meiði,
þótt hjartanu' af hrellingu svíði,
ég held þér, míni rós - og ei kvíði.

Sálmur 76/